

7.mars 2012 fundur hjá stjórn foreldrafélags Setbergsskóla

Mættir eru:

Pálmar Sigurðsson
Dagný Sverrisdóttir
María Pálmadóttir
Harpa Vigfúsdóttir
Jóna Björg Björgvinsdóttir
Aðalbjörg Óladóttir

1.

María spyr hverjir eru í stjórn

Aðalbjörg þarf að finna skýrslu frá aðalfundi og sendir á alla hverjir eru í stjórn foreldrafélagsins.

2.

Páskabingó - verður haldið 28.mar kl 18-20

Búið er að fá loforð fyrir eggjunum og auglýsingin næstum tilbúin
Aðalbjörg leggur til að það verði tölva, projector og tjald þar sem hægt verður að slá þær tölur sem koma upp jafn óðum inn og sína á tjaldi.
Aðalbjörg les upp tölur eins og síðast, Dagný bíðst til að slá tölurnar inn í tölvuna. Athugum með að hafa söfnunarnúmerin efst á skjánum svo þau sjáist alltaf á tjaldinu.

ATH með að bæta inn í auglýsinguna upplýsingum um kaffisölu frá 10.bekk. Væri sniðugt fyrir þau að vera t.d. með kaffi, djús og pizzusneið eða eitthvað þannig.

Sendu auglýsingu út 22.mar og 26.mar - kennarar minni á þetta á kennsluáætlun.

Ekki meira en einn vinningur hvert barn.

3.

Vor hátíð verður rædd á næsta fundi (sem verður strax eftir páska).

Hugmynd hvort að við ættum að auglýsa vorhátíðina út fyrir skólann þ.e. dreifa miðum í húsin í hverfinu og hafa þetta einkonar hverfishátíð verður nánar rætt næst.

4.

Það vantar net í mörkin á leikvöllinum - Pálmar hefur samband við Gunnar (fá númer hjá Gunnari hjá Maríu) um hvar þessi net eru keypt og hvort foreldrafélagið geti athugað með að styrkja skólann um netin.

5.

900 númer. Þurfti að athuga sérstaklega að opna fyrir númerið hjá öllum símafyrirtækjum. Sendum nýja auglýsingu þegar Nova er búið að opna hjá sér– ekki með viðhengi - JPG mynd eða bara textinn beint.

6.

Skólaþingið.

Læsis teymið er að vinna úr gögnum eftir þingið. Fullt af finum hugmyndum komu fram þrátt fyrir að lítil þátttaka hafi verið af hendi foreldranna. Krakkar úr 8. 9. og 10. bekk tóku þátt og komu með margar skemmtilegar hugmyndir.

Hugmynd að taka nokkra krakka úr unglingadeild og/eða miðdeild með þegar farið er á bókamarkaði að versla fyrir bókasafnið.

Við þurfum að skipta með okkur verkum fyrir næsta skólaþing - fá foreldrafélagið með í lið með til að boða þingið – t.d. að hringja út. Spurning um að hafa þetta næst að kvöldi eða seinnipart til að ná fleiri foreldrum, þó ekki víst að það verði betra því að þá þarf að semja sérstaklega við kennarana um að vera á þinginu.

Kannski geta bekkjafulltrúar líka verið með –þ.e. að bekkjarfulltrúar finni minnst 2 fulltrúa frá sínum bekk til að mæta á þingið.

Mikið rætt almennt um lestur og aðkomu foreldra að því að fá börnin til að lesa. Tengingu lesturs foreldra við lestur barna o.s.frv.

7.

Foreldrarölt –

Dagný veit ekki annað en að það gangi mjög vel – allavega er mörgum skýrslum skilað.

8.

Síðasta fundargerð –

Pálmar lagar fundargerðina í takt við þær ábendingar sem Hrönn var með við hana.

9.

Önnur mál

Aðalbjörg talar við Bylgju um að setja fundargerðirnar inn á vefsíðuna. Fyrsta fundargerðin verður frá síðasta aðalfundi.

Páskabingóið – spurning hvort að unglíngadeild vilji nota tækifærið og selja kaffi eða einhverjar veitingar.

Aðalbjörg talar við Soffíu H og Sigrúnu mæður úr 10 bekk uppá hvort að þær geti séð um þetta eins og vöflusöluna – eða hvort að þær geti fundið einhverja í þetta.